

ÍSLENSKA FYRIR ALLA 4 – Hvað kann ég?



1. Komdu sæll og blessaður/Komdu sæl og blessuð.
2. Hvað heitir þú og hvaðan ertu?
3. Hvenær komstu til Íslands?

4. Hvernig finnst þér á Íslandi? Mér finnst gaman/sæmilegt/leiðinlegt ...
5. Hvenær varstu síðast í flugvél? Ég var síðast í flugvél ...
6. Hvaðan varstu að koma? Ég var að koma frá ...
7. Hvert fórstu síðast í matarboð? Ég fór ...
8. Hvað var í matinn? Það var ...
9. Hvernig segir þú „skál“ á þínu máli? Ég segi ...

10. Hefur þú farið í sumarbústað á Íslandi? Já, ég hef farið .../Nei, ég hef ekki ...
11. Hvaða bæi langar þig að heimsækja á Íslandi? Mig langar að ...
12. Hvað er hægt að gera á ferðalögum á Íslandi? Það er hægt að fara/sjá/skoða/prófa ...
13. Hefur þú keyrt hringinn á Íslandi? Já, ég hef keyrt .../Nei, ég hef ekki ...
14. Hefur þú farið til Akureyrar? Já, .../Nei, ...

15. Varstu búin/n í námi áður en þú komst til Íslands? Hvaða námi? Já, ég ...
16. Langar þig í eitthvað nám á Íslandi? Já, mig langar að læra .../Nei, ...
17. Hvert er uppáhaldsorðið þitt á íslensku? Uppáhalds orðið mitt er ...
18. Hvað langar þig að gera í framtíðinni? Mig langar að ...

19. Veistu hvar þín heilsugæslustöð er? Já, hún er .../Nei, ég veit það ekki!
20. Hefurðu heimsótt einhvern á spítala á Íslandi? Já, ég hef heimsótt .../Nei, ég ...
21. Hvað dreymdi þig í nótt? Mig dreymdi að .../Ég man það ekki!
22. Hvenær leiðist þér? Mér leiðist þegar .../Mér leiðist aldrei!

23. Hvernig líður þér í dag? Mér líður ...
24. Er þér illt í bakinu?! Já, mér er illt .../Nei, mér er ekki ...
25. Fylgist þú með fréttum? Já, ég .../Nei, ég ...
26. Hvernig fréttir finnst þér áhugaverðar? Mér finnast fréttir um ...
27. Hver er nýjasta fréttin frá þínu landi? Það er frétt um ...

28. Hver er upphalds sjónvarpsþátturinn þinn? Af hverju? Það er þátturinn ..., af því að ...
29. Hver er frægur í þínu landi? Af hverju er hann frægur/hún fræg?
30. Hefur þú gert ferilskrá á íslensku? Já, ég hef gert .../Nei, ég ...
31. Hefurðu farið í atvinnuviðtal á Íslandi? Já, ég hef farið .../Nei, ég ...
32. Hvar langar þig að vinna? Mig langar að vinna í/á/við ...
33. Kanntu karate?

34. Lýstu persónuleika þínum. Ég er ...
35. Ef þú fengir að velja hvaða starf sem er, hvaða starf myndir þú velja? Ég myndi velja ...
36. Ef þú ættir margar milljónir hvað myndir þú gera? Ég myndi kaupa .../gefa ...
37. Ef þú ættir eina ósk hvers myndir þú óska þér? Ég myndi ...
38. Hefur þú farið á árshátíð á Íslandi? Já, ég hef .../Nei, aldrei.

39. Hvernig er félagslífið á þínum vinnustað? Það er ...
40. Langar þig að sækja um íslenskan ríkisborgararétt? Já, .../Nei, ...
41. Er jafnrétti á Íslandi? Já, mér finnst það/Nei, það er ekki fullt jafnrétti.
42. Eru samskipti á vinnustað ólík á Íslandi og í þínu landi? Já, þau eru ólík./Nei, þau eru svipuð/eins.
43. Geturðu nefnt dæmi um jákvæð samskipti?